

## **Málþing KÍ um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd, 3. mars 2017. Aðalheiður Steingrímisdóttir varaformaður KÍ.**

### **Ágætu málþingsgestir**

Frá því að borgarastyrjöldin hófst í Sýrlandi fyrir um sex árum hafa meira en 4,8 milljónir Sýrlendinga hrakist á flótta frá heimkynnum sínum, rúmlega helmingur þeirra eru börn yngri en 18 ára. Flestir þeirra eru í nágrannalöndum Sýrlands, - Jórdaníu, Írak, Líbanon, og Tyrklandi, - en straumurinn liggur líka til Grikklands, Ítalíu og Balkanlandanna – og einstaklingar, fjölskyldur og börn reyna að komast til annarra landa í leit að betra lífi og öryggi.

Við sem samfélag erum í hringiðu þessara heimsatburða og þó að hópurnir sem leitar hingað sé ekki jafn fjölmennur og í öðrum löndum – þá er þetta nýtt og vandasamt verkefni fyrir okkur eins og hjá svo mörgum öðrum.

En það er alveg hægt að slá því föstu - að þetta verkefni er ekki tímabundið, það er komið til að vera og hópurnir sem leitar hingað mun halda áfram að stækka eins verið hefur undanfarin ár - því að flóttamannastraumurinn er ekki í rénum.

Í gangi eru miklir þjóðflutningar sem eiga sér pólitískar, efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar rætur og áhrifin eru víðtæk, - í einstökum löndum og á alþjóðavísu – víða sækja lýðskrums- og öfgahreyfingar í sig veðrið sem ala á andúð á útlendingum, ótta og tortryggni, í sumum löndum er hert stórlega á innflytjendalöggjöfinni, og vart verður almennt við meiri tregðu landa við að taka við stórum hópum flóttamanna, og sum lönd skella í lás á landamærum sínum eða reisa múra.

Og ef við horfum í kringum okkur hérna heima þá er nærtækt að benda á tvær skýrslur sem komu út á dögunum sem varpa m.a. skýru ljósi á erfiðleika flóttamanna við að koma sér fyrir hér á landi - og orðræðu í samfélaginu sem ber vitni um kynþáttafordóma.

Skólinn gegnir mjög mikilvægu hlutverki í því að rjúfa einangrun flóttabarna, auðvelda þeim að aðlagast samfélaginu og verða hluti af því, byggja upp tengsl við jafningja, - og að læra á samfélagið og menninguna.

Fyrir nokkru ákváðum við hjá kennarasamtökunum að taka menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd á dagskrá með því að halda þetta málþing. Með þessu vildum við bregðast við stefnu og hvatningu Alþjóðasamtaka kennara til aðildarfélaganna um að þau vinni að rétti allra barna og ungmenna til menntunar og farsældar, óháð uppruna og stöðu, í sínum löndum, og leiti eftir víðtæku samstarfi við marga um þetta brýna verkefni.

Til að undirbúa okkur fyrir þetta höfum við víðað að okkur upplýsingum um starf kennarasamtaka í öðrum löndum að þessum málum, og um alþjóðlega samhengið, sett okkur inn í flóttamannamálin hér heima, rætt við kennara í skólum sem taka við börnum í leit að alþjóðlegri vernd um hvaða stuðning þeir þurfi á að halda vegna kennslu barnanna og skoðanir þeirra á því hvað KÍ geti gert til að aðstoða.

Í samræðunum við kennarana kom skýrt fram mikil þörf fyrir að komið væri upp samræmdu stuðningskerfi við þá og skólana, börnin og foreldrana - til að komast hjá því að hver og einn væri að vinna að þessu í sínu horni og finna upp hjólið á eigin spýtur.

Ég ætla að nefna nokkur af atriðunum sem kennararnir bentu á að vanti sárlega:

- Ráðgjöf og handleiðslu um áfallastreitu nemenda.
- Meiri þekkingu á ýmsum hugtökum, eins og hælisleitandi, flóttamaður o.fl.
- Ráðgjöf um uppsetningu kennslu, stuðning við nemendur, einstaklingsmiðaða nálgun, og við stöðumat.
- Pakki með stöðluðu stöðumati, bakgrunnsupplýsingum og verkferlum til að styðja við þá í kennslunni.
- Pakki með kennsluaðferðum og námsefni fyrir kennara svo ekki þurfi að finna upp hjólið á hverjum stað og leita að upplýsingum.
- Orðalistar á ýmsum tungumálum.
- Samræmdur opinn gagnagrunnur til að auðvelda vinnuna, en með mismunandi útfærslum og aðstoð.
- Námskeið fyrir kennara, upplýsa um stöðuna og hvernig málum er háttað, og aðgengi að sérfræðingum.
- Tengiliður í skólanum fyrir nemendur, kennara, foreldra og sveitarfélög. Tengiliður sem sérstakt starfsheiti en ekki viðbót við aðra vinnu.
- Ráðgjöf um foreldrasamstarf. Meiri leiðsögn fyrir foreldra um réttindi og skyldur. Skyldur gagnvart skóla og samskiptum.
- Huga þarf að mismunandi stöðu barna eftir aldurstigum, móttökudeild fyrir eldri nemendur, þeir eigi erfitt með að aðlagast.
- Liðveislu fyrir nemendur.
- Allir aðilar innan skólans að vera ábyrgir, starfsfólk og aðrir nemendur.
- Hversu langt á að ganga í því að kenna íslensku? Er betra að kenna nemendum heimilisfræði og ensku sem nýtist þeim frekar. Aðlögun á námskrá að þörfum barna og ungmenna.

Í samræðunum kom ljóslega fram það ómetanlega starf sem fram fer í skólunum og að kennarar leggja sig alla fram við að vinna nemendum sem mest gagn og fara langt út fyrir sitt starfs svið sem kennarar. Það er sannarlega rík ástæða að upplýsingar um þetta frábæra starf komist út í samfélagið til að ýta undir almenna vitundarvakningu um þessi mál - sem svo mikil þörf er fyrir.

Ég hvet ykkur til að skrifa stutta pistla um aðstæður barnanna út frá ykkar störfum og reynslu og hvernig þurfi að bæta þær. Pistlarnir myndu birtast í miðlum KÍ og þeim deilt á samfélagsmiðla. Þið gætuð t.d. tekið ykkur saman um svona pistlaskrif í ykkar skólum eða þvert á skóla og skólastig. Við erum sterkari saman en hvert í sínu lagi.

Ég vil einnig nefna að í þessum samræðum við kennarana leituðum við eftir hugmyndum þeirra um hvað þeim fyndist að þyrfti að taka fyrir á þessu málþingi og voru þær notaðar við að móta dagskrána.

### **Ágætu málþingsgestir**

Við verðum sem samfélag að taka skyldur okkar alvarlega við þá sem hingað koma í leit að vernd og betra lífi - og að tryggja að réttindi allra barna til menntunar og farsældar séu virt, óháð uppruna og stöðu.

Það er m.a. mikið áhyggjuefni að námsleg staða flóttabarna er lakari en annarra nemenda og að ungt fólk í þessum hópi fer síður í framhaldsskóla og að brotthvarf úr námi hjá þessum

hópi er meira miðað við aðra hópa. Þetta segir okkur að félagsleg aðlögun flóttamanna að samfélaginu er ekki í góðu standi.

Ég vil líka nefna að það var dapurlegt að sjá um daginn að í drögum að nýrri reglugerð um útlendinga sem voru til umsagnar í einu af ráðuneytum var ekki gert ráð fyrir að flóttabörnum væri tryggð menntun til 18 ára aldurs, aðeins til 16 ára, en það er á skjön við það sem er í flestum löndum Evrópu.

Samt hafa íslensk stjórnvöld leitt ákvæði barnasáttmála SP í lög en þar er m.a. kveðið á um menntun barna til 18 ára aldurs. Ég vona að þetta atriði verði lagað í reglugerðinni.

Vel heppnuð aðlögun að nýjum heimkynnum byrjar í skólanum. En til að skólinn ráði við þetta hlutverk þá þarf samfélagið að veðja á skólann og kennarana.

Skólinn og kennarar gegna mikilvægu hlutverki í því að búa nýjum íbúum möguleika til að skapa sér líf og góða framtíð í nýju samfélagi, til að koma í veg fyrir að þau verði „týnda kynslóðin“. Í þessu felst ábyrgð kennara og samtaka þeirra. Þess vegna verða kennarar að hafa sem bestar aðstæður til að geta sinnt þessu mikilvæga verkefni. Það er hagur allra, hagur samfélagsins.

Lengi hefur verið mikill skortur á samstarfi og samræmdri stefnu um málefni flóttabarna - og ekki er heldur fyrir hendi nein stefna af hálfu yfirvalda með hvaða hætti skuli standa að menntun og skólagöngu barnanna - né heldur um ráðgjöf og stuðning við kennara og skólastjórnendur til að auðvelda þeim að sinna menntun þessa hóps.

Það er mikil þörf fyrir að farið verði í samstarf um að samræma verklag um menntun barnanna og að útbúinn verði grunnur að upplýsingum, fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við kennara og skóla sem sinna menntun þeirra. Svona grunnur myndi nýtast öllum þeim sem koma að menntun barnanna en með honum væri enn fremur hægt að tryggja mikilvægt samræmi í stuðningi við þau og fjölskyldur þeirra.

Markmiðið er að móta stefnu um menntun og velferð barnanna og stuðning við kennara og skóla sem sjá um menntun þeirra.

Ég vona að þetta málþing færi okkur nær því að taka höndum saman um þetta mikilvæga verkefni.

